

**Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn fimmtudaginn 1. október kl. 15:00 í netheimum í gegnum TEAMS.**

Mætt voru: Eva Einarsdóttir formaður,  
Örn Þórðarson, aðalfulltrúar Reykjavíkurborgar  
Eiríkur Orri Agnarsson,  
Stefán Hilmarsson,  
Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins  
Ásdís Arnalds, áheyrnarfulltrúi starfsmanna  
Kolbeinn Freyr Björnsson, áheyrnarfulltrúi nemenda  
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari  
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

**1. Upphaf skólaárs**

Hjalti upplýsti um veikindi sín og hefur verið frá störfum frá 17. ágúst. Væntanlegur til vinnu 5. okt. n.k.

Nýnemar í haust eru í fimm bekkjardeildum á náttúruvísindasviði og fjórum á félagsvísindasviði. Ekki sóttu nógu margir um skólavist á hugvísindasviði til að hægt væri að fylla bekk þar.

**2. Viðbrögð og lausnir skólans vegna Covid-19.**

Skólastarf með óhefðbundnum hætti, höfum náð að vera með einn og hálfan árgang í staðkennslu í einu þannig að hver nemandi getur verið í staðkennslu aðra hverja viku.

Mötuneytið lokað, starfsmenn hafa aðgang að léttmeti, samlokum, jógúrtili, skyri og ávöxtum. Starfsmenn ræstingar tekið mikinn þátt í sóttþreinsun og sóttvörnum.

**3. Staða nemenda og starfsfólks í ljósi aðstæðna.**

Hver bekkur alltaf í sömu stofu og skólahúsnaði skipt upp í sóttvarnarhólf. Kennarar að kenna jöfnum höndum í stað- og fjarkennslu. Ekki skemmtilegasta skólastarfið hvorki fyrir nemendur né kennara. Nemendur hafa upplifað meira álag en í staðkennslu sem verið er að vinna með og skoða.

Allir meðvitaðir um að fylgjast vel með nemendum og stöðu þeirra og mikil áhersla lögð á að grípa strax inn í ef í óefni þykir stefna. Mikil áhersla á að koma í veg fyrir að brottfall aukist.

#### **4. Framkvæmdir við húsnæði skólans, innkaup á húsbúnaði og tækjum.**

Búið að mála stigagang í aðalbyggingu og endurnýja salerni í N-byggingu. Búið að skipta um panel á veggjum á hluta gangs og einni kennslustofu til viðbótar í Þingholtsstrætinu. Verið að endurnýja sturtuklefa í Miðbæjarskólanum. Framkvæmdir hafa staðið yfir frá upphafi samkomubanns í mars og verður vonandi lokið um áramótin 2020/2021.

Fyrirhugað að endurnýja utanhúss klæðningu á Miðbæjarskólahúsinu á næstunni.

#### **5. Önnur mál.**

Spurt um rekstrarafkomu skólans, hvort gera megi ráð fyrir auknum rekstrarafgangi. Ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á afkomu þar sem útgjöld hafa aukist vegna breytinga á kennsluháttum og sóttvörnum, rekstrarkostnaður mötuneytis minnkað verulega frá upphafi samkomubanns og tekjur þess að sama skapi. Engum starfsmanni hefur verið sagt upp enda starfsfólk mötuneytis tekið fullan þátt í sóttvörnum og ræstingum.

Stefnt að því að halda næsta fund fyrir árslok 2020.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:50.